

Starfshópurinn leggur til við sveitarstjórn að taka núverandi samning við Gámaþjónustu norðurlands til endurskoðunar með það að markmiði að gera þróunarsamning til loka árs 2015 um sorphirðu og innleiðingu flokkunarkerfis með fyrrgreindu markmiði starfshópsins að leiðarljósi. Í lok árs 2015 verði staðan metin, hvort þróunarsamningur verði framlengdur um eitt ár. Stefnt verði á útboð á sorphirðu í framhaldinu.“

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu starfshópsins og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins í samvinnu við sveitarstjóra Skútustaðahrepps.

7. Tillaga oddvita um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla

Á fundi sveitarstjórnar þann þann 5. febrúar s.l. lagði oddviti fram tillögu til kynningar um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla.

Tillaga oddvita:

„Sveitarstjórn samþykkir að leggja núverandi skólahús Litlulaugaskóla undir starfssemi er tengist mótvægisáðgerðum vegna breytinga í skólamállum sveitarfélagsins.

Innviðum húsnæðisins verður ekki breytt með varanlegum hætti á tímabilinu. Bókasafn Reykdæla heldur aðstöðu sinni til að þjónusta íbúa með óbreyttum hætti.

Eldhúsið verður notað til að sinna verkefnum í tengslum við grunnþjónustu sveitarfélagsins og starfsemi sem verður í húsinu.

Þessi samþykkt gildi til næstu tveggja ára og tekin til endurskoðunar innan þess tíma.

Hugmyndin er að húsið verði umgjörð um starfsemi á sviði sköpunar, þekkingar, tækni, hugverka og handverks. Frekari hugmyndir um starfsemi í húsinu og umgjörð hennar verða unnar í samráði við íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að framgangi málsins.“

Oddviti bar tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Dýralæknaþjónusta í Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn ræddi dýralæknaþjónustu í sveitarfélaginu og lýsir áhyggjum sínum yfir stöðu mála í þeim efnum.

Sveitarstjórn skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að finna sem allra fyrst lausna á því ófremdar ástandi sem uppi er í dýralæknaþjónustu í Þingeyjarsýlum.

Lagt fram til kynningar:

- a. Fundargerð 262. fundar stjórnar Eyþings
- b. Fundargerð 824. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

Arnór Benónýsson
Árni Pétur Hilmarsson
Heiða Guðmundsdóttir
Ragnar Bjarnason

Margrét Bjarnadóttir
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag 23. febrúar milli kl. 10:30 og 11:30.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.
Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri

Umhverfis- og lýðheilsuþing Stórutjarnaskóla

Miðvikudaginn 25. febrúar nk. er foreldrum barna í Stórutjarnaskóla og öðrum íbúum í Þingeyjarsveit boðið að koma og fræðast um umhverfis – og lýðheilsuþing og vinnu nemenda þar að lútandi í skólanum. **Þingið hefst kl 13:10 og stendur til u.þ.b. 15:20.**

Aðalfyrirlesari verður **Jónas Helgason**, fyrrum menntaskólakennari, sem ræðir um eldgos og áhrif þeirra á umhverfi, loftslag og lífríki. Þá munu nemendur m.a. kynna niðurstöður úr lýðheilsurannsókn sem lögð var fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk Stórutjarnaskóla á síðasta ári. Loks mun fulltrúi Þingeyjarsveitar kynna nýlegar niðurstöður starfshóps um skipan sorphirðumála í sveitarfélaginu. Allir eru velkomnir og gott væri að sem flestir sæju sér fært að mæta til að hlýða á athyglisverðar upplýsingar um mikilvæg málefni sem eiga erindi til okkar allra.

Með góðri kveðju
Umhverfisnefnd Stórutjarnaskóla

Aðalfundur Búnaðarfélags Reykdæla

verður haldinn í Dalakofanum
mánudaginn 23. febrúar kl. 13.30
venjuleg aðalfundarstörf.
Maria Svanþrúður Jónsdóttir mætir
á fundinn með ýmsan fróðleik.

Stjórnin

Aðalfundur

Búnaðarfélags Ljósavatnshrepps

Verður haldinn mánudaginn 23. febrúar 2015
kl. 13:00 í Ljósvetningabúð.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin

svæðis fyrir
rannsóknarhús á jörðinni Kárhóli í Reykjadal, þar sem rekin verður
vísindamiðstöð og gestastofa fyrir ferðamenn með upplýsingum og kynningum
m.a. tengdum norðurljósum. Tillögurnar voru kynntar eins og 2. mgr. 30. gr. og
4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um. Ekki komu fram
neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunum.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi og felur
skipulags- og byggingarfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á
aðalskipulagi til athugunar eins og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
kveður á um. Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar verði tillaga að breytingu á
aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi auglýstar samhliða eins og
skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.*

3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 09.02.2015

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 9. febrúar s.l. Heiða
gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 4 liðum.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðin.

4. Nýtt rekstrarleyfi – Hróarsstaðir

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 2.
febrúar s.l. þar sem Kristján I. Jóhannesson sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu
heimagistingar á Hróarsstöðum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

5. Vatnsveita – framkvæmdir

Á fundi sveitarstjórnar þann 5. febrúar s.l. kynnti veitustjóri, fyrir sveitarstjórn,
fyrirhugaðar framkvæmdir á vatnsveitu í Laugahverfinu og nágrenni vegna
vatnsskorts á svæðinu.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrsta áfanga framkvæmdarinnar og felur veitustjóra að
vinna að framgangi hennar í samræmi við fjárhagsáætlun 2015.*

6. Starfshópur um framtíðarskipulag í sormálum – tillaga til sveitarstjórnar

Starfshópur var skipaður af sveitarstjórn þann 7. ágúst s.l. til að vinna að
framtíðarskipulagi sormála í sveitarfélaginu og í framhaldinu skila tillögu til
sveitarstjórnar. Starfshópurinn skipa Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir,
Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Ari Teitsson auk sveitarstjóra. Starfshópurinn
hefur haldið sex fundi, þar af fjóra sameiginlega fundi með starfshópi
Skútustaðahrepps sem vinnur einnig að framtíðarskipulagi sormála í sínu
sveitarfélagi.

Tillaga starfshópsins:

„Starfshópurinn leggur til að framtíð sorphirðu í sveitarfélaginu taki mið að
aukinni endurvinnslu og flokkun úrgangs. Markmiðið verði að minnka urðun
úrgangs með því að flokka og endurvinna og verða til fyrirmyndar í
umhverfismálum. Lagt er til að heimili verði tunnurvædd, opin gámasvæði í
sveitarfélaginu verði lögð af og aðeins verði um lokuð/vöktuð gámaplön að
ræða. Þá leggur starfshópurinn áherslu á mikilvægi þess að kynna breytingar og
fyrirkomulag sorphirðu vel fyrir íbúum sveitarfélagsins en lykillinn að góðum
árangri eru góðar upplýsingar til íbúa og samvinna.



Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
12.02.2015
164. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 12. febrúar kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Þeistareykir – breyting á deiliskipulagi
2. Kárhóll – aðal- og deiliskipulag
3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 09.02.2015
4. Nýtt rekstrarleyfi – Hróarsstaðir
5. Vatnsveita – framkvæmdir
6. Starfshópur um framtíðarskipulag í sorpmálum – tillaga til sveitarstjórnar
7. Tillaga oddvita um mótvægisáðgerðir vegna breytinga á starfsemi Þingeyjarskóla
8. Dýralæknáþjónusta í Þingeyjarsveit

1. Þeistareykir – breyting á deiliskipulagi

Erindi dags. 29. janúar 2015 frá Vali Knútssyni, yfirverkefnastjóra f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir því að deiliskipulagsskilmálum stöðvarhúss Þeistareykjavirkjunar verði breytt í þá veru að heimiluð hámarkshæð verði 16,5 m í stað 15 m eins og kveðið er á um í gildandi deiliskipulagi. Gerðar hafa verið breytingar á hönnun stöðvarhúss sem snúa einkum að hæð þess, þakhalla á vélarsölum og skýlum yfir aflspenna. Með þessum breytingum verður stöðvarhús um 1,5m hærra en kveðið er á um í deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að breyting þessi sé óveruleg með vísan í 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila er fallið frá grenndarkynningu sbr. ákvæði 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Nefndarmenn samþykktu erindið á milli funda og staðfestu samþykki sitt í tölvupósti.

Sveitarstjórn samþykkir óverulega breytingu á deiliskipulagi

Þeistareykjavirkjunar þar sem heimiluð hámarkshæð stöðvarhúss verði 16,5 m í stað 15 m. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna deiliskipulagsbreytingarinnar skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Kárhóll – aðal- og deiliskipulag

Haldinn var almennur kynningarfundur þriðjudaginn 3. febrúar s.l. þar sem kynntar voru tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi



Ánægjufundur Kvenfélags Ljósvetninga

verður haldinn fimmtudagskvöldið 26. febrúar
nk. kl. 20:30 í Melhúsum hjá Torfhildi.

Takið endilega með ykkur gesti.

Allar konur ávallt velkomnar.

Varastjórn

Kvenfélags Ljósvetninga



Rauði krossinn
Þingeyjarsýsla

Kynningarfundur fyrir íbúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps verður á Narfastöðum fimmtudaginn 26. febrúar kl. 20.

Þetta verður léttur fundur þar sem fjallað verður um hlutverk Rauða krossins og farið yfir helstu verkefni sem deildin er að sinna. Eitt hlutverka Rauða krossins er að sinna neyðarvörnum þegar hættuástand skapast vegna náttúruhamfara eða stórslysa. Það hefur heilmikið mætt á deildinni í því ástandi sem staðið hefur yfir vegna óróa í kringum Bárðarbungu. Á fundinum gefst tækifæri til að fræðast um þá vinnu sem unnin hefur verið undanfarna mánuði.

Allir eru hjartanlega velkomnir sem áhuga hafa á að kynna sér starf Rauða krossins.

Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu

Grípið gæsina meðan gefst.



Gamli barnaskólinn, Skógum, Fnjóskadal, (Kaffihúsið Uglan) þar sem Vaðlaheiðargöng eru, hefur áhuga á að leigja út aðstöðu til reksturs matsölu og eða kaffihúss í sumar. Góð aðstaða fyrir listsýningar, handverkssölu ofl.

Miklir möguleikar.

Áhugasamir hafi samband í síma 8498902.

Sagnaskemmtun á konudaginn 22. febrúar kl. 13:00

Konudagur er fyrsti dagur **Góu**, sem er **sunnudagurinn** í 18. viku **vetrar**. Rétt eins og fyrsti dagurinn í **Þorra** er **bóndadagurinn**. Þann dag minnstust bændur og eiginmenn húsfreyjunnar með því að fagna góu, sem færir með sér vaxandi birtu og vorinn ganginn.

Næstkjomi sennudag (konudaginn) munum við bjóða upp á skemmtilega sagnaskemmtun, Mér er skemmt, og árbít "brunch" sem hefst **kl. 13:00** (ATHUGIÐ BREYTTAN TÍMA). Það er í fjórða skipti sem að við fáum skemmtilega sagnamenn til að koma og segja sögur.

Sagnamenn í þetta skipið verða Björn Ingólfsson fyrrverandi skólastjóri á Grenivík og Árni Jónsson frá Fremstafelli. Með þeim verður Jóhannes Sigmundsson frá Syðra-Langholti með fyrstu bók sína, Gamansögur úr Árnespingi, sem að kom út í sl. Október.

Ásta Kristín Benediktsdóttir íslenskfræðingur frá Arnarvatni mun stýra samkomunni. Allar konur sem að mæta í upplut eða í peysufötum fá frítt inn á skemmtunina og árbítinn.

Alltaf hefur verið fullt út úr dyrum þannig að pantið í tíma. Verð pr. mann 3.500,- Sel-Hótel Mývatn s. 464 4164

Laugardagskvöldið 21. Febrúar, í tilefni að konudagshelginni, munum við fá Heilsutríðið, sem að samanstendur af fjórum starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Húsavík. Það eru þau Ásgeir Böðvarsson, Edda Björg Sværissdóttir, Unnsteinn Ingi Júlíusson og Daníel Borgþórsson.

Undir ljúfum tónum þeirra verður framreiddur þriggja rétta glæsilegur kvöldverður. Boðið verður upp á fordrykk kl. 19:30 og borðhald hefst kl. 20:00.

Forréttur;

Hvítlauksristaðir sjávarréttir í stökkri skál með ruccola og lime "crème fraise"

Aðalréttur

Hægelduð nautasteik með karteflu "terrine", steiktu grænmeti og portvíns-gljáa

eða

Grilluð humarfyllt svínalund með julienne grænmeti, choron sósu og confit karteflu

Eftirréttur

Ostaplatti með sultum, kexi, berjum og 70% Walrona súkkulaðibollum

kaffi og te

6.900,-

Örfá sæti laus Sel-Hótel Mývatn s. 464 4164



Dansæfing



Ath! Af sérstökum aðtæðum verðu dansæfingin færð

Dansæfing verður á **Breiðumýri**,

föstudagskvöldið 20. febrúar frá kl.20:30-22:30.

Allir hjartanlega velkomnir

Miðaverði 500 kr

Stjórnin

Kirkjuskóli í Lundarbrekkukirkju



Kirkjuskóli verður í Lundarbrekkukirkju

laugardaginn 21. febrúar kl. 14.00. Söngur, Biblíusaga,
límmyndir á bænaplakat, brúður og bestí vinur barnanna.

Líf og fjör! Verið velkomin!!



Frá fjölskyldunni Þverá í Dalsmynni.

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og
hlýhug, við andlát og útför okkar kæru
Valdísar Örnú Arnórsdóttur.

Bestu kveðjur til allra.

Elín, Arnór, Birkir Týr,
Bjarki Freyr, Anna Kristín og synir.

Aðalfundur Kvenfélags Reykdæla

verður haldinn í Húsmæðraskólanum á Laugum
fimmtudaginn 26. febrúar kl. 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.



Aðalfundur Búnaðarsambands Suður Þingeyinga

verður haldinn að Sólvangi á Tjörnesi
miðvikudaginn 25. febrúar kl. 11

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning fulltrúa á Búnaðarþing
- Önnur mál

Stjórnin



Kæru íbúar á skólasvæði Þingeyjarskóla Hafralækjarskóladeild!

Við erum nemendur í 9. bekk og stefnum á að fara í útskriftarferð vorið 2016. Við erum byrjuð að safna fyrir ferðinni með ýmsum hætti og erum mjög þakklát öllum þeim sem hafa styrkt okkur. Undanfarin ár höfum við farið á bæi og selt blóm fyrir konudaginn en því miður vegna óviðráðanlega orsaka verður ekkert úr því þetta árið. Okkur datt í hug að ef þú, íbúi góður, hefur áhuga á því að styrkja okkur áfram og átt dósir/flöskur heima sem þú ert tilbúinn að gefa okkur þá getum við náð í þær. Vinsamlegast hafið þá samband við Ellu eða Bensa á Hólmavaði í síma 8484394/8666392


Með fyrirfram þökk
9. bekkur Þingeyjarskóla Hafralækjarskóladeild

Aðalfundur Kvenfélags Aðaldæla

Verður haldinn fimmtudagskvöldið 26. feb.kl. 20.30
Staður: Kaffistofan í Ýdölum
Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórnin



7.tbl.
19. febrúar
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Atvinna

Goðafossmarkaður auglýsir eftir starfsfólki sumarið 2015
Okkur vantar vaktstjóra til að sjá um og bera ábyrgð á daglegum rekstri í sumar og helst til næsta vors.
Tölvu og tungumála kunnátta æskileg.
Einnig auglýsum við eftir starfskrafti til almennra afgreiðslustarfa. Laun samkvæmt kjarasamningum

Upplýsingar í síma 4643277

Umsókum skal skilað á netfangið, rfell@simnet.is
fyrir 31. mars 2015